

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee



NÁTTÚRUSTOFA VESTURLANDS



1. mynd. Forvitinn minkur í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Rannsóknir á mink hafa verið eitt af meginverkefnum Náttúrustofunnar. Ljós.: Sigrún Bjarnadóttir.

Náttúrustofa Vesturlands var stofnuð árið 1998 en starfssvæði hennar nær yfir gamla Vesturlandskjördæmi, frá Hvalfirði í suðri að Gilsfirði í norðri. Við setningu laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur var gert ráð fyrir að öll sveitarfélög á starfssvæðinu tækju þátt í rekstri viðkomandi náttúrustofu en sú þróun hefur yfirleitt gengið hægt. Stykkishólmsbær er eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri Náttúrustofu Vesturlands. Stofan er eign bæjarins en rekin með aðstoð ríkisins eins og aðrar náttúrustofur.

Náttúrustofa Vesturlands er í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar, Hafnar götu 3. Þar er skrifstofuaðstaða og rannsóknarstofur, annars vegar fyrir erfða- og örverurannsóknir en hins vegar fyrir krufningar og aðrar athaganir á dýrum.

Fyrsti forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands var ráðinn árið 1999 en starfsemin komst þó ekki

á skrið fyrr en árið 2001 og hefur vaxið mikið síðan. Starfsemin hefur mótast af umhverfi stofunnar og sérþekkingu starfsfólks. Rannsóknir hafa verið undirstaðan en umhverfismál og almenningssvæðisla einnig skipað veglegan sess.

Rannsóknir hafa einkum beinst að landspendýrum og fuglum. Af einstökum viðfangsefnum rannsókna hefur minkur verið langstærsta verkefnið. Minkurinn er álitinn ágeng tegund og er því mikilvægt að stunda á honum rannsóknir sem meðal annars geta nýst til betri stjórnunar stofnsins. Minkarannsóknir Náttúrustofunnar hafa komið inn á marga þætti en þeim má skipta gróflega í tvennt: a) Atferli einstaklinga – rannsóknir sem miða að því að skilja landnotkun, virknimynstur, félagskerfi og mökunarkerfi minksins. b) Stofngerð og stofnstjórnun – rannsóknir sem beinast að því að auka skilning á uppbyggingu stofnsins (stofnstærð,

aldursdreifing, vanhöld, kynjahlutfall, frjósemi o.fl.) og þeim þáttum sem stjórna stærð hans. Minkarannsóknir náttúrustofunnar hafa verið unnar í samvinnu við Pál Hersteins-son, prófessor við Háskóla Íslands, en auk þeirra hefur Náttúrustofan komið lítillega að rannsóknum á refum og hagamúsum.

Af einstökum fuglarannsóknum hafa verið fyrirferðarmestar annars vegar vöktun og rannsóknir á haförnum, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og fuglaáhugamenn, og hins vegar rannsóknir á þróun útbreiðslu glókkols á Vesturlandi en Náttúrustofan hefur einnig komið að vöktun rjúpnastofnsins og vetrarfuglum, verkefnum sem eru í umsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Meðal annarra rannsókna eru úttekt á dreifingu og styrk gerlamengunar vegna skólplosunar við þéttbýlisstaði á Snæfellsnesi og úttekt og ráðgjöf varðandi ágengar plöntutegundir í landi Stykkishólmsbæjar.

Stjórnendur Náttúrustofu Vesturlands telja almenningssvæðisla



2. mynd. Töfuyrðlingur. Náttúrustofan hefur vakt að ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Ljós.: Róbert A. Stefánsson.



3. mynd. Arnarungar í breiðfirsku hreiðri. Arnarrannsóknir eru unnar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands o.fl. Ljós.: Róbert A. Stefánsson.

um náttúru og umhverfismál mikilvæga. Þess vegna stóð Náttúrustofan meðal annars fyrir stofnun Umhverfishóps Stykkishólms, hefur fengið skólabörn í heimsókn og leitast við að bjóða upp á fræðslu-erindi starfsmanna eða gestafyrirlesara fyrir almenning að minnsta kosti mánaðarlega yfir vetrartímann. Aðsókn hefur yfirleitt verið mjög góð og bæjarbúar og nær-sveitungar kunnað vel að meta. Þá hefur Náttúrustofan komið að gerð fræðsluskilta og -bæklinga.

Meðal annarra verkefna eru seta í Breiðafjarðarnefnd, sem er

umhverfisráðherra til ráðgjafar um verndarsvæði Breiðafjarðar (www.breidafjordur.is), auk þess sem starfsmaður Náttúrustofunnar sinnir daglegum rekstri nefndarinnar í hlutastarfi. Þá hefur Náttúrustofan átt fulltrúa í Framkvæmdaráði Snæfellsness frá upphafi en það hefur unnið að því að afla Snæfellsnesi Green Globe-umhverfisvottunar og viðhalda henni (www.nesvottun.is).

Árið 2001 var fyrsti starfsmaður auk forstöðumanns ráðinn í hlutastarf. Frá árinu 2004 hafa fastir starfsmenn lengst af verið fjórir en heildarfjöldi starfsmanna á hverjum

tíma mest farið í 10 haustið 2006. Ársstörf voru flest um 5,6 árið 2006.

Nú eru fastráðnir starfsmenn fjórir talsins en þar fyrir utan er einn nemi og þrír verkefnaráðnir starfsmenn. Róbert A. Stefánsson forstöðumaður, er líffræðingur. Hann lauk meistaraþrófi frá Háskóla Íslands árið 2000 og voru ferðir, landnotkun og fæðuval minks viðfangsefni rannsókna hans. Síðan hefur hann haldið minkarannsóknnum áfram og rannsakar nú til doktorsprófs stofngerð minksins og þá þætti sem áhrif hafa á minkastofninn. Þar fyrir utan hefur hann tekið þátt í fuglarrannsóknnum Náttúrustofunnar, setið í Breiðafjarðarnefnd og er núverandi formaður áðurnefnds Framkvæmdaráðs Snæfellsness. Menja von Schmalensee sviðsstjóri, er líffræðingur. Hún rannsakar atferli og landnotkun minks til doktorsprófs en hefur að auki tekið virkan þátt í vinnu að umhverfismálum og fræðslu. Einnig sér hún um gráfska vinnu fyrir Náttúrustofuna, þar með talið kortagerð. Sigríður Elísabet Elísóttir er ritari Náttúrustofunnar og sér um bókhald, rekstur Breiðafjarðarnefndar, gagnainnslátt og fjölmörg önnur skrifstofustörf. Þórunn Sigþórsdóttir er umhverfisfulltrúi sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi og vinnur að framförum í umhverfismálum þeirra. Hún heldur utan um daglegan rekstur Green Globe-verkefnisins á Snæfellsnesi. Rannveig Magnúsdóttir vinnur að rannsóknnum til doktorsprófs á fæðuvistfræði minks og mögulegum breytingum á fæðuvali í kjölfar umhverfisbreytinga. Símon Sturluson, Guðmundur G. Símonarson og Guðmundur Hallgrímsson eru verkefnaráðnir við rannsóknir á minkum, refum og glókollum.

Auk framantalinnar samstarfsaðila er Náttúrustofan í góðu samstarfi við aðrar náttúrustofur í gegnum Samtök náttúrustofa (SNS), Náttúrufræðistofnun Íslands og fjölmarga aðra aðila.

Frekari upplýsingar um starfsemi Náttúrustofu Vesturlands má finna á heimasíðu hennar, www.nsv.is.



4. mynd. Almenningsfræðsla er mikilvæg. Úr fuglaskoðunarferð Náttúrustofunnar um Snæfellsnes. Ljós.: Róbert A. Stefánsson.